ÖLDUSELSSKÓLI

Námsáætlun / bekkjarnámskrá 2026 – 2027

Stærðfræði, 2. bekkur

Kennari/ar

Lilja Björk Guðmundsdóttir, Kolbrún Grétarsdóttir og María Björk Bjarnadóttir

Lýsing

Stærðfræði er kennd í 200 mínútur reglulega í hverri viku. Kennslan byggir á fjölbreyttum verkefnum þar sem nemendur vinna bæði einstaklingslega, í pörum og hópum. Áhersla er lögð á skilning, virkni nemenda og að þeir geti útskýrt hugsun sína og aðferðir.

Markmið / inntak

Markmiðið er að nemendur efli talnaskilning sinn og öðlist færni í að vinna með tölur og reikniaðgerðir. Unnið er með samlagningu og frádrátt, talnamynstur, flokkun og samanburð, rúmfræði, mælingar, tíma, peninga og einföld viðfangsefni tengd tölfræði. Áhersla er lögð á að nemendur læri að beita fjölbreyttum lausnaleiðum og tengi stærðfræði við daglegt líf.

Námsefni

Sproti 2a og Sproti 2b**,** nemendabækur og æfingahefti. Einnig eru notuð fjölbreytt verkefni, spil, þrautir, hlutbundin gögn og stafrænt námsefni eftir því sem við á.

Kennsluaðferðir

Innlögn og samræður, einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna. Nemendur vinna með hlutbundin gögn, leiki, spil, þrautir og verkleg verkefni. Áhersla er lögð á að nemendur fái tækifæri til að prófa ólíkar lausnaleiðir, útskýra hugsun sína og læra hver af öðrum.

Námsmat

Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið og byggir á vinnu, virkni, skilningi og framförum nemenda. Nemendur taka kaflapróf að loknum hverjum kafla í Sprota 2a og 2b. Kaflaprófin eru nýtt til að meta stöðu nemenda og hvort þeir hafi náð þeim

námsmarkmiðum sem unnið hefur verið að. Einnig er stuðst við verkefnavinnu og athuganir kennara í kennslustundum.

Námslotur

Náminu er skipt í námslotur í samræmi við viðfangsefni Sprota 2a og 2b. Meðal viðfangsefna eru tölur og talnaskilningur, samlagning og frádráttur, rúmfræði og form, mælingar, tími, peningar, mynstur og einföld tölfræði.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá **(listuð upp eins og þau eru í aðalnámskrá)**

Að nemandi geti:

- nýtt sér verkfæri og hlutbundin gögn við lausn stærðfræðilegra viðfangsefna,
- tekið þátt í samræðum um stærðfræði, hugtök hennar og lausnaleiðir,
- notað rétt heiti yfir stærðfræðitákn og nýtt þau rétt við útreikninga,
- þróað hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með náttúrulegum tölum,
- nýtt aðferðir til að leysa þrautir og rökstutt svör sín,
- unnið einn og með öðrum að lausnum með því að kanna og rannsaka viðfangsefni,
- raðað náttúrulegum tölum eftir stærð,
- notað grunnreikniaðgerðir við lausn verkefna úr daglegu lífi og öðlast skilning á verðgildi peninga,
- notað táknmál stærðfræðinnar til að lýsa sambandi milli stærða,
- reiknað með óþekktum stærðum í einföldum verkefnum,
- fundið óþekkta stærð í einfaldri jöfnu,
- rannsakað tví- og þrívíð form og teiknað einfaldar skýringarmyndir,
- lesið og notað mismunandi framsetningu á tíma og notað skífu- og stafræna klukku,
- valið viðeigandi mælieiningar fyrir lengd, massa og rúmmál,
- áætlað og mælt lengd, massa, rúmmál, tíma og hitastig,
- borið kennsl á algeng þrívíð form, s.s. tening, kúlu, keilu og sívalning.
